



Samstarfssamningur
Norðurljósið og Íþróttafélagsins Völsungs
2021 - 2022



NORÐURÞING

Samstarfssamningur Norðurþings og Íþróttafélagsins Völsungs

Norðurþing, kt. 640169-5599, Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík (einnig vísað til sem „sveitarfélagið“) og Íþróttafélagið Völsungur, kt. 710269-6379, Stóragarði 8, 640 Húsavík (hér eftir Völsungur eða „félagið“) gera með sér eftirfarandi samstarfssamning.

1. gr. Inngangur

Með samstarfssamningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila um útfærslu á íþróttastarfi í Norðurþingi.

Norðurþing skal treysta fjárhagslegan rekstrar- og starfsgrundvöll félagsins með samkomulagi um afnot íþróttamannvirkja og beinum fjárframlögum.

Völsungur skal hafa það að markmiði í starfsemi sinni að bjóða börnum og unglingum skipulagt íþróttastarf undir leiðsögn vel menntaðra og hæfra leiðbeinenda þar sem lýðheilsa og forvarnargildi íþróttar er höfð að leiðarljósi. Einnig að hlúa að keppnis- og afreksíþróttafólki þannig að það geti náð sem bestum árangri. Völsungur leggur metnað í að þjónusta og hlúa að almenningsíþróttafólki og hvers kyns félagsstarfi íþróttafólks.

2. gr. Markmið samningsaðila

Markmið samningsaðila með samningnum er m.a. að skapa Völsungi aðstæður til að bjóða uppá fjölbreytt og öflugt íþróttastarf, reka félagsaðstöðu og þjónustu með hliðsjón af íþróttanámskrá félagsins bæði hvað varðar þjálfun barna, unglinga og afreksfólks og þjónustu vegna almenningsíþróttar og félagsstarfs.

3. gr. Helstu verkefni Völsungs

Völsungur býður upp á öflugt íþróttar-, afreks-, tólmstunda- og félagsstarf. Félagið rekur skrifstofu og félagsaðstöðu til að halda utan um kröftugt og faglegt starf félagsins.

Faglegt starf barna og unglinga er í samræmi við gildandi stefnur er málið varðar.

Skrifstofa

Völsungur hefur starfandi framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri Völsungs er framkvæmdastjóri alls félagsins og starfar í umboði Aðalstjórnar Völsungs. Framkvæmdastjóri stuðlar að framgangi verkefna sem Aðalstjórn Völsungs ákvarðar.

Faglegt starf

Íþróttafélagið Völsungur leggur áherslu á jafnrétti og að allir geti stundað og tekið þátt í því starfi sem fer fram undir merkjum Íþróttafélagsins Völsungs.

Mismunur á kynþáttum, trúarbrögðum, skoðunum, fötlun, efnahag eða öðru er ekki liðið innan Íþróttafélagsins Völsungs og er tekið fast á öllum málum sem kunna að koma upp þess efnis.

JTF
KFM